Nr. 439 3. apríl 2025

# GJALDSKRÁ

**Vestmannaeyjabæjar fyrir skipulags- og byggingarmál og tengd þjónustugjöld.**

1. gr.

*Gjöld.*

Fyrir útgáfu leyfa og vottorða, úttektir, yfirferð gagna, auglýsingar, kynningar og aðra umsýslu og þjónustu sem Vestmannaeyjabær veitir vegna byggingar- og leyfisskyldra framkvæmda, deiliskipulags og breytinga á skipulagsáætlunum, innheimtir Vestmannaeyjabær í umboði bæjarstjórnar gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

*Byggingarleyfisgjald.*

Byggingarleyfisgjald miðast við eina yfirferð aðal- og séruppdrátta, útmælingar, hæðarsetningar, stöðuúttekt og öryggis-/lokaúttekt. Úttektir eru samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Byggingarleyfisgjald samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða við veitingu byggingarleyfis. Falli byggingarleyfi niður eða er afturkallað áður en framkvæmdir hefjast endurgreiðist byggingarleyfisgjald ekki.

| | | |
|---|---|---|
| *2.1* | *Byggingarleyfisgjald* | *Kr.* |
| | Einbýlishús | 257.190 |
| | Par-, rað-, tvíbýlis- og keðjuhús, pr. íbúð | 196.675 |
| | Fjölbýlishús, pr. íbúð | 151.288 |
| | Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði, að 500 m² | 302.577 |
| | Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði, frá 500-1.000 m² | 453.865 |
| | Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði, frá 1.000-2.000 m² | 786.700 |
| | Atvinnu-, þjónustu- og stofnanahúsnæði, yfir 2.000 m² | 1.210.308 |
| | Önnur hús, viðbyggingar og bílgeymslur, að 50 m² | 105.902 |
| | Önnur hús, viðbyggingar og bílgeymslur, yfir 50 m² | 151.288 |
| | Lágmarksgjald vegna móttöku byggingarleyfisumsóknar | 31.258 |
| | Gjöld vegna aðkeyptrar yfirferðar séruppdrátta | skv. reikningi |
| | Hver endurskoðun hönnunarganga | skv. tímagjaldi byggingarfulltrúa |

3. gr.

*Skipulagsgjald.*

Skipulagsgjald byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsinga og kynninga vegna málsins. Umhverfis- og skipulagsráð getur ákveðið að falla frá gjaldtöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið. Gjöld skv. 3. gr. eru ekki endurkræf þótt umsókn sé dregin til baka eða synjað.

| | | |
|---|---|---|
| *3.1* | *Skipulagsgjald - aðalskipulag* | *Kr.* |
| | Breytingar á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga | aðkeypt vinna skv. reikningi |
| | Óveruleg breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga | aðkeypt vinna skv. reikningi |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga | 151.288 |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga | 105.902 |

| | | |
|---|---|---|
| *3.2* | *Skipulagsgjald - deiliskipulag* | *Kr.* |
| | Deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga | aðkeypt vinna skv. reikningi |
| | Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga | aðkeypt vinna skv. reikningi |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga | 105.902 |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga | 151.288 |
| | Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga | 105.902 |
| | Grenndarkynning vegna breytinga á deiliskipulagi | 45.387 |
| | Grenndarkynning vegna byggingarleyfisumsókna | 45.387 |

4. gr.

*Framkvæmdaleyfisgjald.*

Framkvæmdaleyfisgjald skv. 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

| | | |
|---|---|---|
| *4.1* | *Framkvæmdaleyfisgjald* | *Kr.* |
| | Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 | 453.865 |
| | Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir | 121.031 |
| | Eftirlitsgjald | skv. tímagjaldi skipulagsfulltrúa |

5. gr.

*Þjónustugjöld.*

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingar sem umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyjabæjar veitir sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| *5.1* | *Þjónustugjöld* | *Kr.* |
| | Afgreiðslugjald erinda | 30.258 |
| | Staðfestingargjald vegna lóðarúthlutunar | 90.773 |
| | Breyting á lóðarleigusamningi að beiðni lóðarhafa | 45.387 |
| | Gjald vegna útsetningar lóðarmarka að beiðni lóðarhafa | 21.180 |
| | Úttekt byggingarfulltrúa vegna veitinga- og gistileyfa | 21.180 |
| | Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt | 21.180 |
| | Gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangsskoðun og mælingar | 21.180 |
| | Tímagjald byggingarfulltrúa | 21.180 |
| | Tímagjald skipulagsfulltrúa | 21.180 |
| | Stofnun lóða eða fasteigna | skv. gjaldskrá HMS |
| | Þinglýsing lóðarleigusamninga | skv. gjaldskrá sýslumanna |
| | Yfirferð eignaskiptayfirlýsinga | aðkeypt vinna skv. reikningi |
| | Umsýslugjald vegna skráningu lóðar eða breytinga á lóð | aðkeypt vinna skv. reikningi |

6. gr.

*Stöðuleyfi og afnot af bæjarlandi.*

| | | |
|---|---|---|
| *6.1* | *Stöðuleyfi* | *Kr.* |
| | Stöðuleyfi gáma, báta, hjólhýsa o.fl. veitt til allt að 12 mánaða | 30.258 |
| | Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, sumarleyfi maí-september | 151.288 |
| | Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, pr. mánuð | 45.387 |
| | Stöðuleyfi söluvagna og söluskúra, pr. viku | 21.180 |

| | | |
|---|---|---|
| *6.2* | *Leiga af bæjarlandi* | *Kr.* |
| | Geymsluúrræði, 20 feta gámur á lóð sveitarfélagsins, pr. mánuð | 30.258 |
| | Geymsluúrræði, 40 feta gámur á lóð sveitarfélagsins, pr. mánuð | 45.387 |
| | Leiga af bæjarlandi með lokun á einni akrein, pr. dag | 15.129 |
| | Leiga af bæjarlandi með lokun á götu, pr. dag | 21.180 |
| | Leiga á bæjarlandi pr. fermetra á dag í 1-7 daga | 120 |
| | Leiga á bæjarlandi pr. fermetra á dag í 8-90 daga | 60 |
| | Leiga á bæjarlandi pr. fermetra 3 mánuði eða lengur | skv. samkomulagi |

7. gr.

*Gjalddagi og lögveð.*

Gjalddagi byggingarleyfisgjalds skv. 2. gr. er við útgáfu byggingarleyfis, sem tekur ekki gildi fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt. Gjalddagi þjónustu- og leyfisgjalda er við afhendingu gagna eða veitingu leyfis.

Gjöldum samkvæmt gjaldskránni fylgir lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

8. gr.

*Gildistaka og verðbreytingar.*

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2025, 121,2 stig, sem breytist 1. janúar ár hvert, til samræmis við breytingar á vísitölunni.

Gjaldskrá þessi sem sett er með heimild í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og skipulagslögum nr. 123/2010 öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Gjaldskrá sama efnis nr. 175/2024 fellur úr gildi við gildistöku þessarar gjaldskrár.

Samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði, 27. janúar 2025. Samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar, 19. febrúar 2025.

*Vestmannaeyjum, 3. apríl 2025.*

**Íris Róbertsdóttir** bæjarstjóri.

---